



Viljayfirlýsing

Marigot Group (MG), móðurfélag Celtic Sea Minerals, eiganda Íslenska kalkþörungafélagsins, staðfestir hér með áhuga sinn á því að fjárfesta í námu- og afurðavinnslu á kalkþörungum úr Ísafjarðardjúpi. Vilji MG stendur til þess að reisa kalkþörungaverksmiðju í Súðavík vegna nálægðar þorpsins við hráefni kalkþörungum og þangs sem verksmiðjan þarf á að halda úr Ísafjarðardjúpi.


Raforkuþörf fyrirhugaðrar verksmiðju verður 8 MW og yrði verksmiðjan sambærileg þeirri sem Íslenska kalkþörungafélagið starfrækir nú á Bíldudal. Verksmiðjan kemur til með að skapa 15-20 heilsárstörf auk afleiddra starfa og jákvæðra áhrifa á atvinnulíf og tekjur Súðavíkurbrepps.


Áætlun MG gerir ráð fyrir að hefja rekstur verksmiðjunnar árið 2018. Til að svo geti orðið þarf að ganga sem fyrst frá samningum um hentuga lóð undir verksmiðju og athafnarými á hafnarvæðinu, aðgang að nauðsynlegum hafnaraðstöðum auk samnings um nauðsynlega raforku.

Ásetningur MG er háður ásættanlegum niðurstöðum rannsókna á kalkþörungaseti í Ísafjarðardjúpi, veitingu námuleyfis og vinnsluleyfis á hafsvæðinu, starfsleyfis fyrir verksmiðjuna og samningum um staðsetningu hennar og nauðsynlega hafnaraðstöðu auk raforkusamnings. Þá eru jákvæðar niðurstöður samningaviðræðna MG við Súðavíkurbrepp um kostnað vegna fjárfestingar í landfyllingu, landnýtingu og hafnaraðstöðu einnig forsenda þess að ráðist verði í verkefnið.

Fulltrúi MG, Einar Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenska kalkþörungafélagsins, veitir allar frekari upplýsingar um verkefnið, þar með talið um öll nauðsynleg skilyrði því tengdu.

21. nóvember 2014


Michael Ryan


Einar Sveinn Ólafsson